



## Umhverfisnefndarfundur 20. október 2017

Mættir: Sirrý, Haukur, Alla, Oliwia, Gunnlaugur, Tina, Reimar Atli, Harpa, Elín Victoría, Kristófer Hrafn, Irma Ósk, Ragna Margrét, Agnes Día, Guðrún Renata, Hjörvar Ingi og þróstur Óli (Magnús Veigar var í fríi).

- Fundur var settur
- Fundarefni síðasta fundar var rifjað upp.
- Sirrý las upp og útskýrði umhverfisstefnu Leikhólts. Umræður.
- Sirrý las einni upp umhverfissáttmála Leikhólts. Umræður þó nokkrar.
  - Umræðan snerist mikið um matarafganga og hvernig við nýtum þá. Erum barasta að standa okkur ansi vel 😊. Allt nýtt ekkert fer til spillis.
  - Sungum Umhverfislagið okkar. Umhverfislagið okkar er hluti af umhverfissáttmálanum.
- Sirrý las upp Grænfánamarkmiðin sem við ætlum að vinna að fram að jólum
  - **Markmið 1:** Að aðstoða fuglana í nærumhverfi leikskólans við fæðuöflun. Að fræðast um það hvað fuglarnir kjósi að borða og hvar þeir kjósi að búa. Getum við laðað að okkur fleiri fugla með því að búa til fuglahús? Búa til einfaldan fæðuvef.  
**Aðgerðir:** Að fræðast um fæðu fugla og fóðra þá samkvæmt því (nota krummapallinn fyrir krumma). Er eitthvað sem við getum gefið þeim, af því sem fellur til í leikskólanum? Búa til fuglahús. Fræðast um búsvæði fuglanna og búa til einfaldan fæðuvef. Kanna hvað gerist ef einhver tegund er tekin útúr fæðuvefnum.  
**Tímarammi:** Nóvember 2017 – mars 2018
  - **Markmið 2:** Að vinna markvisst með þjóðerni barna og starfsfólks leikskólans  
**Aðgerðir:** Fá foreldra barnanna til liðs við okkur í upplýsingaröflun. Finna heimildir á veraldarvefnum. Búa til sýnileg verkefni sem hengd verða upp t.d. landakort þar sem við merkjum inná.  
**Tímarammi:** Nóvember 2017 – júní 2018
- Fundi slitið